Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
b.t. Indriði Stefánsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 14. júní 2021
1906217, 517.00 BV

Umsögn umhverfissviðs

Umsögn:
Varðandi merkingar um hraðatakmarkanir fyrir hjólreiðar á stígum er grundvöllur í lögum eða reglugerðum sem takmarkar hraða, horfa þarf einnig til viðurlaga og hvernig yrði sektað eða framfylgt hraðatakmörkunum. Merkingar um að sýna tillitsemi og fara hægar hafa verið nýttar með góðum árangri í Kópavogi og nærsveitarfélögum og þykir það fýsileg lausn til að byrja með á þeim svæðum eða stígum sem talið er nauðsynlegt að bregðast við hraða á einhvern hátt.

Í hönnunarleiðbeiningum fyrir reiðhjól 2019 er farið yfir mögulegar hraðatakmarkandi aðgerðir sem hægt er að beita til að draga úr hraða. Sérstaklega skal beint á að í sömu leiðbeiningum kemur fram að hjólreiðarstígar eru hannaðir miðað við ákveðinn hraða að hverju sinni eftir tilgangi, núverandi og mögulegri notkun, flokkun stígs og framtíðarsýn um breyttar ferðavenjur og uppbyggingu innviða fyrir virka ferðamáta og aðskilnað gangandi og hjólandi. Við ákvörðun á tegund stígs og þá hönnun miðað við tegund er stígur útfærður miðað við æskilegan hraða um stíginn og þá hægt að fara yfir mögulegar aðgerðir varðandi hraðatakmarkandi aðgerðir á stígnum og umhverfi til að viðhalda þeim viðmiðunarhraða sem stígurinn er hannaður fyrir og stuðla að öryggi á stígnum.

Í kjölfarið á vinnu Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnafjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes við litaðar lykilleiðir á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Höfuðborgarstofu hóf Reykjavíkurborg frekari vinnslu á þróun á merkingum á lituðum lykilleiðum. Þær merkingar eru núna tilbúnar og hefur Reykjavíkurborg hafið að setja upp slíkar merkingar meðal annars á áningarstöðum og fleiri stöðum.

Það stendur Kópavogsbæ til boða að byggja á grundvellir þeirrar vinnu sem hefur verið unnin í verkefninu litaðar lykilleiðir og því verkefni sem Reykjavíkurborg hefur unnið áfram og útfæra það þá nánar til dæmis með númerakerfi fyrir hjóla- og göngustígakerfi Kópavogsbæjar sem gæti verið samræmt kerfi á Höfuðborgarsvæðinu.

Lagt er til að vísa til vinnu við samgöngustefnu Kópavogsbæjar að skoða samráð og samvinnu við að göngu- og hjólastígar séu númeraðir á Höfuðborgarsvæðinu og að næsta skref sé unnið í útfærslu á merkingum og vegvísun fyrir hjólreiðar með því að þróa áfram kortlagningu litaðra lykilleiða með frekari kortlagningu stígakerfisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Lögð verið fram tillaga að framkvæmd til þess sem myndi fylgja drög að kostnaðarliðum sem lagt væri fram til bæjarráð og bæjarstjórnar til afgreiðslu.

f.h. Skipulagsfulltrúa

Bjarki Valberg
Umhverfisfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026